
REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT FÉLAGA

1. grein

Íslandsmót Félaga skal halda árlega, og leiknar skulu a.m.k. 3 umferðir þar sem leikið er allir við alla. Hver umferð skal leikinn í sama húsi og með sama olíuburð. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni, eitt kvenna og eitt karla. Sendi félag eitt lið til keppni má það vera blandað konum og körlum. Hvert lið skal skipað amk. 5 leikmönnum og að hámarki 7 leikmönnum (tveir varamenn) í hverri viðureign.

Keppt er í opnumflokki þar sem öll lið sem skráð eru til keppni leika.

2. grein

Rétt til þátttöku í félagakeppninni hafa öll félög innan KLÍ og skulu þau skrá lið sín innan tilskilins þátttökufrests.

3. grein

Keppt er í 5 manna baker fyrirkomulagi þar sem hver keilari tekur 2 ramma í leik (fyrsti leikmaður tekur 1. og 6. ramma, annar leikmaður tekur 2. og 7. ramma o.s.v.fr.). Spilaðir eru tveir leikir í hverri viðureign á sama brautarparinu. Ekki er heimilt að breyta uppröðun liðs í viðureign, innáskipting getur átt sér stað hvenær sem er í viðureigninni (t.d. eftir fyrra skot í ramma). Ekki er víxlað milli brauta fyrir en eftir fyrri leikinn þannig að lið A spilar fyrri leikinn á vinstri braut og lið B á þeirri hægri en svo skipta þau um braut fyrir leik tvö. Lið sem talið er upp á undan hefur leik á vinstri braut. Leitast skal eftir að spila heila umferð á sama kvöldinu en mótanefnd hefur heimild til að dreifa umferð á tvö kvöld ef fjöldi liða er þannig að umferð komist ekki fyrir á einu kvöldi.

Stigagjöf:

Tvö stig fást fyrir unnin leik og 2 stig fyrir heldarpinna eftir tvo leiki, samtals 6 stig í viðureign. Sé skor jafnt fær hvort lið eitt stig.

Ef jafnt er að stigum að lokum öllum umferðunum sker heildarskor úr keppninni úr um sæti, þ.e. það félag sem er með hærra skor hlýtur efra sætið.

4. grein

Ekki er hægt að fresta viðureign og ekki er hægt að fá fjarveruskor. Lið getur aðeins hafið leik með 5 leikmenn. Ef leikmaður meiðist og þarf að yfirgefa leik fær liðið 0 í þann ramma sem meiddi leikmaðurinn á leik í.

5. grein

Að öðru leyti gilda almennar keppnisreglur KLÍ. (Nema konur fá ekki forgjöf í þessu móti.)

6. grein

Mótanefnd KLÍ annast undirbúning og framkvæmd keppinnar.

Breytt á þingi KLÍ 18. maí 2010 og útfært af stjórn og samþykkt af formönnum í september 2010

Breytt á þingi KLÍ 05. maí 2015

Breytt af stjórn KLÍ 10. Október 2015

Breytt á 23. Þingi KLÍ þann 21.05.2016